

Tillagan nær til deiliskipulags Akratorgsreits og tekur til eftirtalinna lóða: Vesturgötu 48 þar sem landnotkun er breytt úr lóð fyrir verslun og þjónustu í lóð fyrir verslun og íbúðir. Kirkjubraut 25 þar sem breytingin felst í að breyta verslunar- og íbúðarlóð í opið svæði.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Framangreint deiliskipulag Akratorgsreits, Akranesi, tekur þegar gildi.

2. *Breyting á deiliskipulagi stofnanareits, Vogabraut 5 - Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi.*

Á fundi bæjarráðs Akraness, fyrir hönd bæjarstjórnar Akraness (sem var í sumarleyfi), sem haldinn var þann 12. júlí 2001 var m.a. samþykkt breyting á deiliskipulagi stofnanareits, Vogabraut 5 — Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi.

Svæðið afmarkast af núverandi skólabyggingu sem fyllir út í byggingarreitinn og er sótt um að byggja einnar hæða byggingu við skólann í hluta af porti sem er á milli núverandi bygginga sem eru tveggja hæða.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Framangreint deiliskipulag stofnanareits, Akranesi, tekur þegar gildi.

*Akranesi, 8. febrúar 2002.*

**Magnús Þórðarson**, bygginga- og skipulagsfulltrúi.

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði kr. 6.800

Sorphirðugjald á ílát, sumarhús kr. 2.300

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.		kr.
Flokkur 1		5.500
Flokkur 2		33.000
Flokkur 3		99.000
Flokkur 4		198.000
Flokkur 5		396.000

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

II.		kr.
	Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	6.800
	Þjónustubýli	3.300
	Sumarbústaðir	1.650

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2002.

*Sauðárkróki, 4. febrúar 2002.*

**Jón Gauti Jónsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag fyrir 13 frístundalóðir við Hvammabraut í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 5. febrúar 2002.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hefur verið sett eftirfarandi regla um umferð á Akranesi:

Að biðskylda verði á umferð af athafnasvæði við smábátabyggju Akraneshafnar inn á Faxabraut í stað stöðvunarskyldu.